

Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Janúar 2019

HVATARBLAÐIÐ



Þorrablot 2019



Jæja þá er komið að því.

Okkar árlega þorrablot verður haldið þann 1. febrúar 2019.
Húsið opnar kl. 19:55 og borðhaldið hefst stundvíslega
kl. 20:30.

Aldurstakmarkið á blótið miðast við þá sem verða 16 ára á
árinu 2019.

Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar leikur fyrir dansi
og maturinn verður frá Múlakaffi.
Miðapantanir eru í netfangið
thorrablot2019@gmail.com
eða í síma 822-8634 (Jói)

Þorrablotið kostar ykkur litlar 7300 krónur og þarf að vera
búið að panta og greiða miða í síðasta lagi
mánudagskvöldið 28. janúar 2019

Vinsamlega leggið inn á reikning 0370-13-4751
kennitala 240168-3679
og sendið staðfestingu á netfangið
thorrablot2019@gmail.com



Búið ykkur undir skemmtun ársins.
NEFNDIN



Áramótapistill Sveitarstjóra

Ágætu sveitungar, gleðilegt ár og takk fyrir það liðna.

Nú er komið að því árlega, að daginn fari að lengja aftur með hækandi sól og meiri birtu. Ég er oft hugsari um áramót, oftast þakklát fyrir árið sem var að liða en jafnframt full tilhlökkunar til þess sem er að koma, þó örli oft fyrir kvíða líka. Það er nú þannig að maður veit hvað maður hefur en ekki hvað nýja árið mun bera í skauti sér. Það er margt spennandi framundan á árinu 2019 allt eftir áhugamálum hvers og eins og er ég þess fullviss að komandi ár verður gott fyrir okkar góða samfélag. Ég vona að við berum gæfu til þess að elska friðinn og gleyma því ekki, að öll höfum við sömu eða a.m.k. svipuð markmið til að búa í sveitinni okkar.

Það er loksins að koma sá tími að öll heimili dreifbýlis í Grímsnes- og Grafningshreppi verði tengd ljósleiðara. Utboðið sem gert var sumarið 2017 hljóðaði upp á að allir yrðu tengdir í seinasta lagi haustið 2019. En við úthlutun styrkja úr verkefninu „Ísland ljóstengt“ fékk sveitarfélagið úthlutað fullum styrk á árinu 2018, þ.e. til tengingar á öll heimili dreifbýlis í sveitarfélaginu. Það var von mín að það næðist að ljúka verkinu á árinu 2018 en því miður náðist það ekki. Verkhyluti 1 (Grímsnes austan Borgar) er alveg búinn og allir staðir verið tengdir, verkhyluti 2 (Grímsnes vestan Borgar) eru að tengjast þessa dagana og þriðji verkhyluti (Grafningur) mun tengjast í sumar. Það að ljósleiðavæða sveitarfélagið á eftir að gera sveitina okkar að betri stað til að búa á og eykur möguleika okkar, sem hér búum, á fjölbreyttari atvinnu og meiri möguleikum til náms.

Í byrjun desember var samþykkt fjárhagsáætlun áráanna 2019-2022. Við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs voru nokkur atriði höfð til hliðsjónar sem vert er að nefna. Það fyrsta er að útsvarsþrósentan mun verða áfram í lágmarki eða 12,44%. Allar gjaldskrár sveitarfélagsins svo sem dagvistunargjöld Kerhólsskóla, árskort íbúa í Íþróttamiðstöðina, hitaveita, vatnsveita, sorphirða og seyrulosun verða óbreyttar frá árinu



Verzlunin



Vetraropnun

- Mánud. - fimmtud.: 11– 19
- Föstud., og laugard.: 11 - 20
- Sunnudagar: 12 - 18

Verið velkomin heitt á könnunni



486-4408

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.


Þórarinn Magnússon, starfsmaður
Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reyðskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.





MUNIÐ BÓNDADAGINN! Túlípanar í úrvali



Eigum einnig mikið úrval af ferskum Kryddjurtum

Verið hjartanlega velkomin.



669-0108
694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16

2018. Eina gjaldskráin sem breytist er gjaldskrá mötuneytis Kerhólsskóla en þar verður gjaldfrjálst fyrir börn skólans og eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu. Er með þessu móti verið að reyna að koma til móts við íbúa sveitarfélagsins um betri lífskjör.

Sveitarfélögin á Suðurlandi standa nú frammi fyrir því að lokað verður fyrir urðun á sorpi frá sveitarfélögunum í Álfsnesi um miðjan janúar. Leitað hefur verið að urðunarstað á Suðurlandi um þó nokkurt skeið með litlum árangri. Það er því ljóst að kostnaður sveitarfélagsins vegna afsetningar á úrgangi mun aukast verulega, hvaða leið sem verður farin. Til að lágmarka þann kostnað getum við flokkað betur og meira, meðal annars tekið lífrænan úrgang frá og minnkað þannig það sem fer í grátunnuna okkar. Með því móti minnkar það magn úrgangs sem kemur til með að verða verulegur kostnaðarauki á. Það liggur ekki alveg fyrir á þessum tímamarki hver útfærslan verður en það mun skýrast á næstu dögum og reikna ég með að í lok janúar verði kynnt breytt og aukin flokkun fyrir íbúum. Það er a.m.k. vilji meiri hluta sveitarstjórnar að reyna að halda gjaldtöku íbúa óbreyttri og leita annarra leiða til að mæta þessum kostnaðarauka. Ég vil biðja ykkur um að taka þessum breytingum með jákvæðu hugarfari og hugsa um hvað við getum gert til að leggja okkar af mörkum til samfélagsins.

Vert er að vekja athygli fólks á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is og facebook síðu þar sem verið er að miðla upplýsingum til íbúa og annarra. Ný heimasíða verður tekin í notkun í byrjun mars og var samið við Stefnu ehf. um hönnun og uppsetningu á nýjum vef með það fyrir augum að gera hann aðgengilegri og einfaldari til að nálgast upplýsingarnar sem þar er að finna.

Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samstarfið á nýliðnu ári og óska öllum sveitungum mínum og velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps farsældar á nýju ári.

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



FUNDARGERÐ.

445. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. desember 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. nóvember 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. nóvember 2018 liggur frammi á fundinum.


2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 26. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. nóvember 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 167. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 28. nóvember 2018.

Mál nr. 11, 12, 13, 14 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

Lögð fram 167. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dags. 28. nóvember 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast
afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 11: 1811018 - Sogsvirkjanir; H20 og H22; Breytt
landnotkun; Aðalskipulagsbreyting.**

Pétur H. Jónsson f.h. Landsvirkjunar leggur fram ósk um
breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps
2008-2020, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og
er meðfylgjandi skipulagslýsing til samræmis við 1. mgr. 30 gr.
sömu laga. Landsvirkjun vinnur að gerð deiliskipulags fyrir
Sogsvirkjanir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ekkert
deiliskipulag er í gildi fyrir stöðvarnar og svæðið í kring.
Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagi er ætlað að staðfesta
núverandi landnotkun á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lýsing á fyrirhugaðri
breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-
2020 verði kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga
og er skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun
tillöguna til umsagnar.

**Mál nr. 12: 1811046 - Nesjavallavirkjun L170925; Borun
vinnsluholu NJ-31 á orkuvinnslusvæði; Framkvæmdaleyfi.**

Fyrir liggur beiðni frá Orku náttúrunnar um framkvæmdaleyfi
til að bora vinnsluholu/uppbótarholu á orkusvæði
Nesjavallavirkjunar sbr. umsókn, dags. 18. nóvember 2018 og
lýsingu verks, dags. 28. nóvember 2018. Framkvæmdin er í
samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og mat á
umhverfisáhrifum og einnig í samræmi við aðalskipulag
Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Markmiðið með
borun uppbótarholu er að mæta rýrnun á gufuförða
virkjunarinnar. Framkvæmdin felst í eftirfarandi: Gerð
borholustæðis, borun vinnsluholu og lagning jarðstrengs
ofanjarðar. Framkvæmdin tekur til vinnsluholu NJ-31 sem
staðsett verður á borsvæði Nesjavallavirkjunar þar sem nú
þegar hafa verið boraðar NJ-11, NJ-23, NJ-24 og NJ-25.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir frekari
gögnum sem sýna samantekt varðandi boranir á svæðinu.

**Mál nr. 13: 1811022 - Dvergahraun 26 L202573 og 28
L202170; Sameining lóða.**

Fyrir liggur umsókn frá Guðnýju Stefánsdóttur um sameiningu tveggja lóða í eina. Um er að ræða lóðirnar Dvergahraun 26 L 202573 og Dvergahraun 28 L 202170.

Sveitarstjórn hafnar umsókn um sameiningu lóðanna Dvergahraun 26 og 28. Sveitarstjórn telur að ekki eigi almennt að breyta gildandi deiliskipulögum með sameiningum lóða.

Mál nr. 14: 1811020 - Öndverðarnes lóð 11 L170101; Öndverðarnes 2 lóð; Staðfest afmörkun og breytt heiti lóðar.

Helgi Þór Ágústsson óskar eftir að lóð hans í Öndverðarnesi 11 L 170101, fái breytt heiti til samræmis við nærliggjandi lóðir og fái heitið Öndverðarnes 2 lóð L170101. Hann telur að skráningin Öndverðarnes 11 hafi verið misskilið og átt að vera rómverskir II. Einnig óskar hann eftir staðfestingu á afmörkun lóðar til samræmis við meðfylgjandi gögn sem sýna afmörkun lóðar með hnítum samkvæmt lýsingu afsals 80-925 (maí 1978) upp á 10.000m² lóðar.

Skoða þarf betur önnur heiti innan svæðisins og málinu því frestað.

Mál nr. 22: 1811004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 90.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. nóvember 2018.

c) Fundargerð 190. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 26. nóvember 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 14. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 22. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fjárhagsáætlun 2019-2022, seinni umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019-2022 er tekin til lokaafgreiðslu.

Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastígur 8, 845 Flúðir



Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalát með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basil sósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

Eftirréttir

Sveppais	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturna og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á booking@farmersbistro.is og s. 519-0808

[farmersbistro](https://www.farmersbistro.is), [farmersbistro.is](https://www.farmersbistro.is)

Föstud. 15. febrúar 2019
Tónleikar/Uppistand
Eypór Ingi

**Sælkerahlaðborðið okkar, kaffi og heimagert
konfekt til kl. 19:30 kr. 2.890.**

**Uppistand og tónleikar hefst kl. 20:00
kr. 3.500.**

Barinn opinn til kl. 01:00



Farmers Bistro // Garðastígur 8//845 Flúðir
Bókið miða á booking@farmersbistro.is eða í síma 519-0808

Helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2019	2020	2021	2022
Tekjur	1.082.039	1.096.923	1.103.136	1.109.970
Gjöld	934.512	932.039	935.566	938.958
Fjármagnsgjöld	43.608	33.601	22.476	11.954
Rekstrarafgangur	103.919	131.283	145.095	159.058
Eignir	1.769.877	1.870.225	1.981.107	2.102.462
Skuldir	951.616	920.682	886.468	848.766
Eigið fé	818.261	949.544	1.094.638	1.253.696
Fjárfestingar (nettó)	93.000	78.000	100.500	100.000

Ekki er gert ráð fyrir lántöku né sölu eigna vegna fjárfestinga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2019-2022.

4. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur niðurstaða um skipulag Borgarsvæðisins eftir íbúafund þann 8. október s.l.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Stækkun íbúabyggðar verði norðan Biskupstungnabrautar.
- Tjaldsvæðið verði áfram á sama stað og stækki til vesturs.
- Hugað verði að útivistarsvæði norðan við núverandi íbúabyggð.
- Iðnaðarsvæði verði í landi Minni-Borgar vestan Sólheimavegar.
- Íþróttavöllur verði vestan við Íþróttamiðstöðina.

Sveitarstjórn er sammála um að skilgreindum þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu verði ekki fjölgað heldur verði núverandi byggðakjarnar styrktir, líkt og kveðið er á um í texta endurskoðunar aðalskipulagsins. Með því verði stuðlað að betri nýtingu innviða og annarrar fjárfestingar.

5. Samningur um hönnun og uppsetningu á nýjum vef, www.gogg.is

Fyrir liggur samningur um hönnun, efnisumsjón, forritun og uppsetningu á nýjum vef www.gogg.is við Stefnu ehf. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

6. Beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla vegna jólaballs.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla að fjárhæð kr. 30.000 vegna jólaballs þann 19. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

7. Beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins til verkefnisins „Bændur græða landið“. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 36.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

8. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna á Úlfjótuvatni, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna á Úlfjótuvatni, dagsett 21. nóvember 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Nesjavallavegar nr. 3843 af vegaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 20. nóvember 2018 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Nesjavallavegar af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Landsréttur, dómur nr. 400/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu.

Fyrir liggur dómur Landsréttar frá 16. nóvember s.l. í máli nr. 400/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu

Kvenfélag Grímsneshrepps 2019

12. janúar	Leikhúsféð
9. febrúar	Aðalfundur
9. mars	100 ára, hvað svo? – málþing
24. apríl	100 ára afmælisveisla með mat, skemmtun og ball
Mái	Póllandsferð
9. maí	Vorfundur – einnig í maí/júní vorgöngur
6. júní	Sumarkvöld í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
Júní	Heldriborgaraferð fyrir 60 ára og eldri
Júní/júlí	Undirbúningur Grímsævintýra
7. ágúst	Vinnudagur fyrir Grímsævintýri
10. ágúst	Grímsævintýri
29. ágúst	Haustfagnaður í Mörkinni
September	Haustfundur
Október	Haustferð
Nóvember	Jólafundur
Nóvember	Jólabingó



Kæru félagskonur,
endilega takið ofantalda daga frá og merkið í dagatalið.

verslunarmannahelgina og vonumst við til að sjá ykkur sem flest þar eins og vanalega. Auk ofangreindra viðburða verðum við með okkar föstu viðburði eins og fundina okkar fjóra aðalfund, vörfund, haustfund og jólafund, sumargleði í bústaðnum okkar og hver veit nema að við skellum okkur á einhver námskeið. Aðalmálið er að hafa gaman, hlúa að okkur sjálfum og samfélaginu, styrkja okkur sjálfar sem einstaklinga og samfélagið.

Við þökkum allan þann stuðning og aðstoð í gegnum tíðina og vonumst til að þið njótið með okkur á aldarafmælisárinu.

Að lokum vil ég hvetja þig að ef þú ert ekki nú þegar virkur félagi í einhverju af þeim fjölmörgu félögum í sveitarfélaginu, hvort sem það er Kvenfélagið, Lions, Tintron eða Leikfélagið sem dæmi, að kynna þér starfið sem á sér stað þar og sjá hvort það sé ekki eitthvað sem á við þig og taka þátt í að efla starfið innan þeirra félaga svo að þau fái að lifa sem lengst og gera samfélagið öflugra. Allir geta eitthvað enginn getur allt.

Áramóta og aldarafmælskveðjur,
Laufey Guðmundsdóttir
Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps

Leikhúsferð – Kvenfólk í Borgarleikhúsinu



Kvenfélag Grímsneshrepps ætlar að skella sér í leikhús 12. janúar nk. Minnum kvenfélagskonur að ganga frá greiðslu hið fyrsta. Verð fyrir félagskonu er 4.850.-, fyrir aukamiða 5.850.-

Reikningsnr. 0152-26-020958 kt 420389-1329 – merkt „Leikhús“.

Söfnumst saman í bíla.

þar sem deilt er um reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en um hann eru ákvæði í lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og reglugerð nr. 960/2010 sem sett var á grundvelli þeirra. Grímsnes- og Grafningshreppur er eitt fimm sveitarfélaga sem höfðuðu mál á hendur íslenska ríkinu vegna skerðingar framlags úr Jöfnunarsjóði vegna árána 2013-2016. Skerðingin á rætur að rekja til breytinga sem urðu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga með lögum nr. 139/2012 og á reglugerð um Jöfnunarsjóð með reglugerð nr. 1226/2012. Niðurstaða dómsins er að íslenska ríkið er sýknað af kröfum Grímsnes- og Grafningshrepps og málskostnaður milli aðila felldur niður í héraði og fyrir Landsrétti.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að áfrýja málinu til Hæstaréttar og felur lögmanni sveitarfélagsins Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

11. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólks), 140. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

12. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Birt er til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 273. stjórnarfundar 20.11 2018.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Aðalfundargerð 18.10 2018.
- ✓ SASS. Fundargerð 539. stjórnarfundar 16.11 2018.
- ✓ SASS. Aðalfundargerð 18.10 og 19.10 2018.
- ✓ Hjálparsveitin Tintron, ársskýrsla 2017.

✓ Hjálparseitin Tintron, ársreikningur 2016.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:10

Átt þú árskort í íþróttamiðstöðina Borg?

Í íþróttamiðstöðinni Borg má finna sundlaug, heita potta, gufubað, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal með öllum helstu tækjum og tólum til að stunda hinar ýmsu íþróttir.

Íþróttamiðstöðin er opin sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00-22:00


Föstudaga er lokað

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-18:00

Hægt er að leigja íþróttasalinn í skemmri eða lengri tíma og er það gjaldfrjálst fyrir þá sem eiga árskort í íþróttamiðstöðina. Það er því tilvalið fyrir fjölskyldur eða vini að hittast og sprikla saman í íþróttasalnum sem er vel útbúinn.

Árskort fyrir íbúa 17 ára og eldri með lögheimili í sveitarfélaginu er 8.000.- krónur

Árskort fyrir íbúa 10 – 16 ára með lögheimili í sveitarfélaginu er 3.500.- krónur



náist að klára alla lausa enda fyrir hver ævintýri. Þetta er okkar stærsta fjáröflun og reiknast mér til að frá árinu 2013 höfum við gefið tæpar 6M til ýmissa verkefna, sem dæmi til Kerhólsskóla, heilsugæslunnar í Laugarási, sjúkrabjálfunardeildar HSU, styrktarfélagsins Ljössins, Sjóðsins Góða, Stróks, Ljósheima og fleira. Þar eru ekki taldar þær gjafir og styrkir sem félagið hefur lagt til samfélagsins þau 94 ár sem voru þar á undan.

Þetta er aðeins brotabrot af sögu kvenfélagsins og aðeins skrifað út frá minni reynslu og minni því verður gaman að handleika bókina sem kemur út fyrir 100 ára afmælisdag félagsins, 24. apríl 2019 og skyggnast enn betur í þá mögnuðu sögu þeirra fjölmargra kvenna sem hafa komið að félaginu að einum eða öðrum hætti á síðustu 100 árum. Dagskrá afmælisársins er þétt skipuð. Við ætlum að byrja á því að skella okkur í leikhús í janúar á sýninguna Kvenfólk í Borgarleikhúsinu. Í febrúar verðum við með aðalfundinn okkar og verður gestur fundarins Vilborg Arna Gissurardóttir, pólfari. Í mars munum við halda málþing þar sem við ætlum að velta upp spurningunni um gildi félagasamtaka í minni samfélögum, eru þau barn síns tíma eða jafnmikil þörf í dag og fyrir 100 árum, hefur hlutverk þeirra kannski breyst?

Einnig erum við að vinna í að láta skrifa sögu félagsins sem er órjúfanlegur hluti af sögu sveitarfélagsins. Við fengum Margréti Sveinbjarnardóttur frá Heiðabæ í Þingvallasveit til að rita söguna sem við teljum að hafi verið happafengur, ekki bara vegna hennar reynslu og menntunar heldur einnig þekkingar og tengsla hennar við sveitarfélagið. Í því samhengi höfum við verið að taka saman og fara yfir öll þau gögn sem hafa fallið til í tengslum við störf kvenfélagsins sem og fengið að skoða myndaalbúm sveitunga með von um að finna myndir frá starfi félagsins. Með því að fara svona yfir gögnin og skila þeim inn á Héraðskjalasafn Árnesinga hefur það hvatt okkur að halda betur til haga gögnum tengdum félaginu, hvort sem það eru minnisblöð fyrir fundi eða fundargerðir, því það sem getur virst ómerkilegt í dag getur orðið að ómetanlegum sagnfræðilegum gögnum í framtíðinni. Því vil ég hvetja þig kæri sveitungi að huga að gögnum frá þér eða mögulega forverum þínum að merkja gögnin og koma þeim til skila á Héraðsskjalasafnið fyrir framtíðina.

Að sjálfsögðu höldum við upp á afmælið sjálft en við erum svo heppnar að afmælisdagurinn ber upp á síðasta vetrardag og því frí daginn eftir og tilvalið að slá í veislu þar sem megin markmiðið er að hafa gaman og að láta aðra stjarna í kringum okkur :) Hver veit nema að við skellum í eitt dansiball þar sem sveitungar geta tjúttað með okkur, meira um það síðar. Eftir veisluhöldin í lok apríl ætlum við að skella okkur saman til Varsjá í Póllandi til að jafna okkur á veisluhöldunum.

Grímsævintýrin verða að sjálfsögðu á sínum stað laugardaginn eftir



Gleðilegt árið 2019 – Kvenfélag Grímsneshrepps 100 ára

Kvenfélag Grímsneshrepps stendur á stórum tímamótum á nýju ári. Á slíkum tímum er ávallt gott og gaman að fara í smá naflaskoðun, líta yfir farinn veg og horfa fram á við og spá í framtíðina.

Af hverju að taka þátt í félagastarfi? Fyrir mig þá er sterk hefð að taka þátt í félagastarfi í minni fjölskyldu og er það amma mín, Dóra á Stærri-Bæ, sem var helsta fyrirmyndin í því. Auk þess að vera í kvenfélaginu þá tók hún virkan þátt í Skógræktarfélag Árnesinga og tók meðal annars þátt í að stofna Grímsnesdeildina á sínum tíma. Hún var mjög virk í flest öllu sem átti sér stað í sveitinni, fyrst að það var einhver sem var búin(n) að hafa fyrir því að koma á viðburði þá bar manni að mæta og taka þátt. Þannig styrkjum við hvert annað og allt það starf sem á sér stað í nærumhverfi okkar.

Ég ólst upp í kringum kvenfélagsstarfið þar sem mamma og amma ásamt móðursystur og mágkonur mömmu hafa starfað í félaginu frá því ég man eftir mér. Þegar við höfum verið að skoða myndir í tengslum við sögu félagsins leynist ein og ein af mér að skottast þarna með þeim í ferðum og viðburðum þannig að það má kannski segja að ég hafi fæðst inn í félagið. Það var svo ekki fyrr en árið 2011 að ég hugsaði með sjálfri mér, af hverju er ég ekki gengin í félagið? Ég gekk því í félagið á aðalfundi 2011 og var svo heppin að verða orðin fullgild félagskona áður en að amma kvaddi okkur árið 2012. Við vorum því þrír ætliðir meðlimir í félaginu á árunum 2011 og 2012.

En það er ekki aðeins vegna þeirra hefðar innan minnar fjölskyldu sem ég starfa í félaginu, nú er ég ekki búsett í sveitarfélaginu því er þetta góð leið til að viðhalda tengslunum við sveitina og fólkið sem býr þar og kynnast fleirum. Svo er það bónusinn að geta gefið til samfélagsins, fengið að efla mig sem einstakling og að takast á við stór og smá verkefni sem hafa verið mis flókin og ég hef lært heilmikið af, bæði á sjálfa mig, að starfa í teymum og mannlegum samskiptum.

Þó að mér finnist gaman að baka þá er það fjarri því stærstu verkefni mín í félaginu því í raun erum við einna mest í viðburðarstjórnun og félagsskapur. Þar ber hæst að undirbúa, skipuleggja frá a-ö og framkvæma Grímsævintýrin okkar sem er eitt skemmtilegasta, stærsta og líklega orkumesta verkefnið okkar sem við stöndum í árlega. Þar reynum við að skipta liði til að hátíðin lukkist sem best því jú það er að mörgu að huga til að „henda“ upp einum Grímsævintýrum. Þar höfum við fengið einnig ómælda aðstoð frá mökum, fjölskyldum og vinum félagskvenna og síðast en ekki síst sveitarfélaginu til að það

Eldri borgarar

Það er sveitarstjórn sönn ánægja að tilkynna að frá og með 1. janúar 2019 verður mötuneyti Kerhólsskóla gjaldfrjálst fyrir eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu.

Hádegisverður hefst klukkan 12:00 alla daga vikunnar nema rauða daga og það þarf ekki að skrá sig fyrirfram í mat heldur er nóg að mæta.

Hægt er að nálgast matseðil hvers mánaðar á skrifstofu sveitarfélagsins milli 9:00 – 15:00 alla virka daga.

Samhliða gjaldfrjálsum hádegisverði hefur verið ákveðið að hafa frítt í alla aðstöðu í íþróttamiðstöðinni á Borg fyrir eldri borgara.

Í íþróttamiðstöðinni má finna sundlaug, heita potta, gufubað, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal með öllum helstu tækjum og tólum til að stunda hinar ýmsu íþróttir.

Íþróttamiðstöðin er opin sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00-22:00

Föstudaga er lokað

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-18:00

Jafnframt stendur eldri borgurum til boða að nýta sér aðstöðuna milli 10:00-12:00 á fimmtudögum.

Síðast en ekki síst langar sveitarstjórn að bjóða eldri borgara sérstaklega velkomna fimmtudaginn 24. janúar en þá verður bókasafnið opið milli 12:30 – 14:30 og hluti sveitarstjórnar ásamt Gerði tómstunda- og félagsmálafulltrúa verða til skrafs og ráðagerða meðal annars um félagsstarf eldri borgara í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn.



Myndasýning úr 20 ára sameiningarafmæli Grímsnes- og Grafningshrepps

Hægt er að skoða Myndasýninguna úr 20 ára sameiningarafmæli Grímsnes- og Grafningshrepps sem unnin var af Héraðsskjalasafni Árnesinga á heimasíðu okkar gogg.is.

Hægt er að finna fleiri myndir á www.myndasetur.is og jafnframt er hægt að senda fyrirspurnir á gudmunda@heradsskjalasafn.is fyrir nánar upplýsingar um myndirnar.



100 ára saga Kvenfélags Grímsneshrepps



Trúið þið því - 100 ára verðum við 24. apríl 2019!

Í tilefni þess erum við að taka saman sögu félagsins sem við stefnum á að gefa út á 100 ára afmælisdeginum.


Okkur langar að bjóða þér að kaupa bók á sérstöku forsöluverði og fá nafn þitt ritað í bókina, eða eins og sagt er upp á latnesku tabula gratulatoria

Endilega hafðu samband við ritnefndina á netfangið 100ara2019@gmail.com

Guðrún Ásgeirsdóttir s. 841-6856
Lísa Thomsen s. 863-8814
Þórunn Drífa Oddsdóttir s. 856-1185

Þú getur líka skráð þig á Facebooksíðu félagsins: www.facebook.com/kvenfelagrimsneshrepps
Verð í forsölu 5.500.- Send verður krafa í heimabanka.

Við tökum einnig við frjálsum framlögum :) Reikningsnr fyrir frjáls framlög er: 0152-26-020958 kt 420389-1329 – merkt „BÖK“.



Aðalfundur Kvenfélags Grímsneshrepps

Aðalfundur
Kvenfélags Grímsneshrepps
verður í Félagsheimilinu Borg
laugardaginn 9. febrúar kl. 11.00

Dagskrá: Venjuleg aðalfundastörf
samkvæmt lögum félagsins.

Fundurinn verður boðaður formlega
þegar nær dregur
Gestur fundarins verður Vilborg Arna Gis-
surardóttir, pólfari.

Allar konur velkomnar



!! Bingó !!

Hestamannafélögin Smári, Logi og Trausti standa
saman fyrir Bingói mánudaginn 7. janúar 2019
Bingóið verður haldið í **Reiðhöllinni á Flúðum**
kl. 20:00 og vonumst við til þess að
sjá sem flesta.

Fullt af flottum vinningum í boði.
Heyrst hefur að folatollar séu í vinning ásamt
ýmsu fleiru.

Bingóið er fyrir alla.





Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Móttökuritari óskast til starfa.

Laus er til umsóknar staða móttökuritara hjá Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita hefur meðal annars það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins. Aðsetur móttökuritara er að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Byggðasamlagið þjónar sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

Starfssvið :

- Símsvörun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofustörfum með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Rúnar Guðmundsson í síma 480-5550 á skrifstofutíma.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið hentar báðum kynjum.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2019 og berist á netfangið runar@utu.is

